



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. apríl 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum (EES- reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 775. mál.

Samtök atvinnulífsins, Samorka, Samtök iðnaðarins og SVP - Samtök verslunar og þjónustu (hér eftir samtökin) skila sameiginlegri umsögn um frumvarpið.

Almennt

Frumvarpið er endurflutt en það var lagt fram á síðasta löggjafarþingi, þ.e. 467. mál á 148. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Vísað er til umsagnar samtakanna um það mál sem dagsett er 4. maí 2018. Einnig er vísað til sérálits fulltrúa Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga í starfshópi um endurskoðun laganna sem dagsett er 22. febrúar 2018.

Samtökin telja nauðsynlegt að sem fyrst verði lokið við heildarendurskoðun laganna og binda miklar vonir við vinnu starfshóps umhverfis- og auðlindaráðherra sem skipaður var í janúar sl. í því skyni.

Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á frumvarpinu frá því það var lagt fram á síðasta þingi þar sem mikilvægast er að lagt er til að gildistími álits Skipulagsstofnunar um matskýrslu verði sjö ár og að hið sama gildi um ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu. Í fyrra frumvarpi var gildistíminn fimm ár.

Um matsferlið

Leyfisferli og mat á umhverfisáhrifum hafa haft jákvæð áhrif og leitt til betri framkvæmda og gagnlegs samtals hagaðila. Reynslan hefur hins vegar sýnt að matsferlið sem og ferlið við tengdar leyfisveitingar er mjög hægvirkt, flókið og kostnaðarsamt. Tímafrestir í lögum standast ekki og ekki er fyrrsjáanlegt hve langan tíma ferlið getur tekið. Margar stofnanir og umsagnaraðilar koma að málum, bæði hjá ríki og sveitarfélögum og sömu stofnanir koma jafnvel oft að sama máli. Því þarf framkvæmdaaðili að senda gögn fram og til baka og bíða eftir afgreiðslu á einum stað til að hægt sé að hefja næsta stig. Það er óviðunandi að í upphafi sé engin leið fyrir framkvæmdaaðila og fjárfesta að átta sig á því hve langan tíma matsferlið og leyfisveitingar muni taka. Kjarni málsins er sá að kerfið er óskilvirkt og samtökin telja nauðsynlegt að úr því verði bætt.

Minnt er á að í inngangskafli tilskipunar 2014/52/ESB, sem hér er verið að innleiða, er áhersla lögð á að með henni sé ætlunin að einfalda ferla og léttu af framkvæmdaraðilum ónauðsynlegum og íþyngjandi stjórnsýslukvöðum. Í frumvarpinu sjást þessa lítil merki eins og bent er á hér að neðan.

Um frumvarpið

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2016 starfshóp sem falið var að vinna drög að frumvarpi um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, vegna innleiðingar á tilskipun 2014/25/ESB. Samtökin atvinnulífsins áttu fulltrúa í þeim starfshópi. Ekki var mikill ágreiningur um orðalag flestra breytinga er leiða af tilskipuninni. Þó vilja samtökin gera athugasemdir við tvær greinar frumvarpsins eins og það liggur nú fyrir.

Um a. lið 3. gr. b.


Í greininni er fjallað um efni mats á umhverfisáhrifum og í a-lið er gerð krafa um að lýst sé áhrifum á „*menn, heilbrigði manna og samfélag*“.

Í tilskipun ESB er ekki að finna orðið samfélag heldur er a-liðurinn svohljóðandi „*population and human health*“ en ekki er þar að finna neina tilvísun til samfélags. Í dönsku lögunum er að finna sambærilegt ákvæði þ.e. „*Befolkning og menneskers sundhed*“ en enga tilvísun til samfélags.

Samtökin telja að með því að setja inn séríslenskt ákvæði um að meta skuli áhrif á samfélag sé verið að útvíkka gildissvið tilskipunarinnar þannig að í matsskýrslum verði að fjalla um þætti sem ekki varða umtalsverð umhverfisáhrif og engin leið sé að sjá fyrir hvert muni leiða. Samtökin leggja því til að orðið *samfélag* verði fellt brott úr a-lið 3. gr. b.

Um 11. gr.

Samtökin eru enn þeirrar skoðunar að gildistími álits Skipulagsstofnunar skuli vera óbreyttur þ.e. tíu ár og að tilskipun ESB gefi ekki tilefni til að breytinga á gildistímanum. Samtökin benda í þessu sambandi á nýlega auglýsingu Skútustaðahrepps um útgáfu framkvæmdaleyfis en þar var álit Skipulagsstofnunar gefið út árið 2010.



Skútustaðahreppur

Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 27. mars 2019 útgáfu framkvæmdaleyfis til Landsvirkjunar vegna lagningar Peistareykjavegar innan sveitarfélagsmarka Skútustaðahrepps.

Skipulagslegar forsendur framkvæmdaleyfisins:

- Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023.
- Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.
- Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022.
- Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli sérstaks mats um framkvæmdina; Háspennulinur (220 kV) frá Kröflu og Peistareykjum að Bakka við Húsavík, Skútustaðahreppi, Aðaldæla-hreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi, og sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Peistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulinu frá Kröflu og Peistareykjum að Bakka.

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 24. nóvember 2010 má finna á eftirfarandi vefslóð:

Vegna sameiginlega umhverfismatsins:
<http://www.skiplagsstofnun.is/media/attachments/Umhverfismat/821/2010020001.pdf>

Vegna umhverfismats fyrirhugaðrar framkvæmdar:
<http://www.skiplag.is/media/attachments/Umhverfismat/820/2009040031.pdf>

Skilyrði Skipulagsstofnunar og Skútustaðahrepps fyrir leyfisveitingu:

Samkvæmt álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 24. nóvember 2010 telur hún að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði:

1. Tryggja þarf að framkvæmdir auki ekki eyðingu gróðurs á svæði sem nú er eitt virkasta rofsvæði landsins.
2. Ef votlendi verður raskað þarf að endurheimta a.m.k. jafnstórt votlendissvæði og það sem raskast.

Nánari upplýsingar um útgáfu framkvæmdaleyfisins og forsendur þess er að finna á heimasíðu Skútustaðahrepps, www.skutustadahreppur.is, undir flípanum skipulagsauglýsingar efst á forsiðu.

Vakin er athygli á því að niðurstaða sveitarstjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

Guðjón Vésteinnsson,
skipulagsfulltrúi.



Vilji umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis fallast á tillöguna í frumvarpinu telja samtökin að þá verði að tryggja að hin nýja regla gildi ekki um þau álit Skipulagsstofnunar sem þegar hafa verið gefin út enda eiga framkvæmdaaðilar rétt á að þau ákvæði laganna sem þeir hafa unnið eftir haldi gildi sínu. Æskilegast væri þó að þessi þáttur bíði heildarendurskoðunar laganna þar sem horft verði á mats- og leyfisveitingarferlið heildstætt og reynt að finna niðurstöðu sem um getur náðst samstaða.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins

f.h. Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja

f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu